

**Nr. 031/13 Sigurfari GK 138*****Strandar í Rifshöfn***

Skipaskr.nr. 1743  
Smíðaður: Danmörk 1984, stál  
Stærð: 134,1 brl. 225 bt.  
Mesta lengd: 28,92 m Skráð lengd: 26,6 m  
Breidd: 6,8 m Dýpt: 5,85 m  
Vél: Caterpillar 526 kW, 1994  
Fjöldi skipverja: 6



Sigurfari©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 13. desember 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirþrúði Alfreðsdóttur

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 25. apríl 2013 var Sigurfari GK 138 á siglingu út úr Rifshöfn. Veður N-gola.

Siglt var úr höfninni, um kl. 10:30, á hægri ferð en þegar komið var rétt austur fyrir innri garða tók skipið niðri og strandaði á sandgrynningu skammt VNV af Tösku.

Skipstjóri óskaði eftir aðstoð og þegar féll meira að dró björgunarskipið Björg Sigurfara af strandstað.

**Við rannsókn kom fram:**

- að skipstjóri sagðist aldrei hafa komið inn í Rifshöfn öðruvísi en aftan í björgunarskipi, en daginn áður hafði Björgunarskipið Björg dregið Sigurfara til hafnar þar sem þeir höfðu fengið veiðarfæri í skrúfunu og var kominn að bryggju kl. 03:45 Hann sagðist hafa geymt siglingaferilinn í kortagrunninum og notað hann við siglingu úr höfninni;
- að skipstjóri sagðist ekki hafa haft kort eða upplýsingar yfir Rifshöfn en taldi að leiðin væri hrein þar sem hann hefði feril frá um nóttina. Hann sagðist ekki hafa spurst fyrir hjá höfninni um siglingu úr höfninni fyrir brottför;
- að flóð var í Rifshöfn kl. 06:18 og fjara kl. 12:32 en flóðmunur var 3,8 metrar. Skipstjóri taldi að djúprista hafi verið fjórir metrar.

**Nefndarálit:**

Orsök atviksins voru mistök skipstjóra við stjórn skipsins út úr höfninni.